

Ed.

56. Frumvarp til laga

[44. mál]

um aukaframlög til byggingarsjóðs kaupstaða og kauptúna.

Flm.: Rannveig Þorsteinsdóttir.

1. gr.

Ríkisstjórnin skal á árinu 1952 greiða byggingarsjóði samkvæmt I. kafla laga nr. 44 1946 sem óafturkræft framlag 10 milljónir króna af tekjuafgangi ríkissjóðs árið 1951 eða úr mótvirðissjóði.

2. gr.

Lögboðin framlög sveitarfélaga og ríkissjóðs til byggingarsjóðs skulu á árinu 1952 greiðast með 100% álagi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Lög um verkamannabústaði voru sett árið 1931, en hafa síðan með nokkrum breytingum verið felld inn í almenna löggjöf frá 1946 um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum. Samkvæmt þessum lögum greiðir hlutaðeigandi bæjar- og hreppssjóður, þar sem starfrækt er deild úr byggingarsjóði, árlega upphæð, sem nemur ekki minna en 4 krónum og ekki meira en 6 krónum fyrir hvern íbúa sveitarfélagsins, en ríkissjóður leggur jafna upphæð á móti og 150 þús. krónur að auki. Auk þess er byggingarsjóði heimilt að taka lán til starfsemi sinnar, ef fáanleg eru.

Samkvæmt lögnum um verkamannabústaði var talsvert byggt fyrir styrjöldina, einkum í Reykjavík. Þessari starfsemi var og haldið nokkuð áfram framan af styrjöldinni og eftir hana. En því miður var aðeins hverfandi litlu af því fjármagni, sem myndaðist í styrjöldinni, varið til þessarar starfsemi, enda þótt miklu af því væri varið til annarra íbúðabygginga, og þá að miklu leyti til íbúða, sem ekki eru miðaðar við þarfir verkamanna eða annarra lágtekjumanna. Stærsta átakið, sem gert hefur verið í byggingamálum verkamanna eftir stríðið, var gert í sambandi við setningu laga um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl. árið 1950. Var byggingarsjóði þá fenginn hluti af gengishagnaði bankanna, er síðar verður endurgreiddur af stóreignaskatti. Af þeim ástæðum var hægt að veita talsvert af lánum til verkamannabústaða á árinu sem leið, en nú er þetta fé þrotið, og er þá óhjákvæmilegt að sjá byggingarsjóðnum fyrir nýju fjármagni, a. m. k. til bráðabirgða, en í þeim tilgangi er þetta frumvarp flutt.

Fjármálaráðherra hefur nýlega skýrt Alþingi svo frá, að nokkur greiðsluafgangur muni verða hjá ríkissjóði á árinu 1951, þótt enn sé ekki vitað, hve mikill sá afgangur verður. Má telja æskilegt, að hluta af þeim afgangi verði varið til að efla starfsemi byggingarsjóðs kaupstaða og kauptúna, og er hér gert ráð fyrir 10 millj. kr., en rétt þykir að heimila ríkisstjórninni að leggja þessa upphæð fram úr mótvirðissjóði, ef það þykir hentugra. Jafnframt er lagt til, að framlög bæjar- og hreppsfélaga og ríkissjóðs verði á næsta ári hækkuð um helming til bráðabirgða, á meðan frekari athuganir fara fram á þessu máli. Mundi sjóðurinn með þessu fá nokkurt viðbótarfjármagn á árinu.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að nú er mjög örðugt að fá lán til íbúðarhúsabygginga, og þau lán, sem fást, eru oftast með mjög óhagstæðum kjörum. Kemur þetta hart niður á allri byggingarstarfsemi og skapar þó einkum erfiðleika fyrir þá, sem efnalitlir eru, en nauðsynlega þurfa að koma sér upp íbúðum. Er hér lagt til, að reynt verði að veita nokkra úrlausn í þessu máli til bráðabirgða, en með því fjármagni, sem hér er rætt um, ætti að mega byggja nokkuð af íbúðum með atbeina byggingarsjóðs kaupstaða og kauptúna á næsta ári.